

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi 1. janúar 2013:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 40.733 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts. Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna, greiða einnig fastagjald kr. 18.290 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 132,23 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

6. gr. breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------|----------------------------|
| a) fyrir lögbýli með búrekstur | kr. 1.991.840 |
| b) fyrir íbúðarhús | kr. 527.236 |
| c) fyrir sumarhús | kr. 371.640 |
| d) fyrir aðra aðila | kr. 132.160 á mínútulítra. |

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. nóvember 2012.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.